



Borgarholtsskóli

Fundargerð

Fundarefni: Heimsókn foreldraráðs í skólann & dagskráin framundan
Dagsetning: 12. mars 2021, kl. 12:00
Boðaðir: Stjórn og varastjórn foreldraráðs, skólameistari og aðstoðarskólameistari
Mættir: Hrafnhildur Karla Jónsdóttir, Judith Ann Penrod, Guðrún Þórisdóttir, Guðrún Arna Björnsdóttir, Margrét Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Örn Jónsson, Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir og Ársæll Guðmundsson Forföll: Helga Björg Dagbjartsdóttir
Dagskrá: 1. Skólastjórnendur taka á mótí nýju foreldraráði og sýna skólann 2. Dagskráin framundan

Fundargerð:

1. Skólastjórnendur taka á mótí nýju foreldraráði og sýna skólann

Ársæll og Ásta Laufey buðu nýtt foreldraráð velkomið í skólann og ítrekuðu að því væri velkomið að halda fundi sína í skólanum. Þá var snæddur hádegismatur í boði skólans, gengið um skólann og litið inn í kennslustofur. Að skoðunarferð lokinni kynntu þau starf skólans og sátu fyrir svörum. Fram kom að foreldraráð ætti að starfa fyrir foreldra og forráðamenn allra nemenda, ekki eingöngu nemenda undir 18 ára aldri.

2. Dagskráin framundan

Rætt var um næstu fræðslufyrirlestra fyrir nemendur og foreldra og ákveðið að beina sjónum að málefnum transfólks. Í skólanum eru nemendur sem eru trans og í kynleiðréttingarferli og full ástæða til að upplýsa nemendur, foreldra og starfsfólk um þau mál og vinna á mótí fordómum. Ákveðið að leita til Samtakanna 78 og óska eftir fræðslu, fyrst fyrir nemendur í hádegishléi (sem er kl. 12:35–13:15) og síðan fyrir foreldra og starfsfólk síðdegis (kl. 17–18), þannig að allir fái sömu upplýsingarnar en þó matreiddar á ólíkan hátt fyrir hópana. Þannig ætti að nást umræðugrundvöllur. Margrét tók að sér að útvega fyrirlesara. Skólinn heldur utan um fundina á Zoom.

Skólinn heldur upp á 25 ára afmæli næsta haust og var rætt lauslega um hvað foreldrafélagið gæti gert til að minnast þess, t.d. með því að gefa skólanum eða nemendafélaginu gjafir. Ekkert var ákveðið um það en fólk hvatt til að hugsa málið og koma



Borgarholtsskóli

Fundargerð

með tillögur. Ákveðið að foreldraráðið kæmi að afmælis dagskránni með því að vera með kynningu á starfi sínu og gera það sýnilegra.

Næst á dagskrá:

- Skipuleggja fræðslufyrirlestra fyrir nemendur, kennara og starfsfólk, MS hefur samband við Samtökin 78.
- Hvernig getur foreldraráð getur tekið þátt í að halda upp á 25 ára afmæli skólans í haust?
- Hvernig getum við fengið fleiri foreldra til að taka þátt, t.d. með því að fjölga í Facebook-hópnum?

Fundi slitið kl. 13:40

Fundargerð ritaði: Margrét Sveinbjörnsdóttir